

**FRAMSELD REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR
(ESB) 2018/405****2023/EES/63/11****frá 21. nóvember 2017****um leiðréttingu á tilteknum tungumálaútgáfum reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB)
nr. 575/2013 um varfærniskröfur að því er varðar lánastofnanir og verðbréfafyrirtæki og um
breytingu á reglugerð (ESB) nr. 648/2012 (*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013 frá 26. júní 2013 um varfærniskröfur að því er varðar lánastofnanir og verðbréfafyrirtæki og um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 648/2012 ⁽¹⁾, einkum j-lið 1. mgr. 456. gr.,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Í hollenskri tungumálaútgáfu reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 er villa í þriðju undirgrein 3. mgr. 429. gr. a sem felld var inn með framseldri reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/62 ⁽²⁾ og felst í rangri tilvísun sem þrengir gildissvið skilyrðanna sem rekstraraðilar skulu uppfylla. Þetta hefur ekki áhrif á aðrar tungumálaútgáfur.
- 2) Í tékkneskri tungumálaútgáfu reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 er villa í 4. mgr. 429. gr. b sem felld var inn með framseldri reglugerð (ESB) 2015/62 og verður til þess að skilyrðið sem gildir um notkun einföldu aðferðarinnar um fjárhagslegar tryggingar fær gagnstæða merkingu miðað við hinar tungumálaútgáfurnar. Þetta hefur ekki áhrif á aðrar tungumálaútgáfur.
- 3) Í litáiskri tungumálaútgáfu reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 er villa í 4. mgr. 429. gr. b sem felld var inn með framseldri reglugerð (ESB) 2015/62 og varðar ákvörðun viðbótarinnar. Þetta hefur ekki áhrif á aðrar tungumálaútgáfur.
- 4) Því ætti að leiðrétta reglugerð (ESB) nr. 575/2013 til samræmis við það.
- 5) Til í þágu réttarvissu ætti þessi reglugerð að gilda frá gildistökudegi framseldrar reglugerðar (ESB) 2015/62.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

*1. gr.**(Á ekki við um íslensku útgáfuna).**2. gr.*Reglugerð þessi öðlast gildi daginn eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 18. janúar 2015.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 74, 16.3.2018, bls. 3. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 64/2020 frá 30. apríl 2020 um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn, sjá EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 19, 9.3.2023, bls. 32.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 176, 27.6.2012, bls. 1.

⁽²⁾ Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/62 frá 10. október 2014 um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013 að því er varðar vögunarhlutfallið (Stjtið. ESB L 11, 17.1.2015, bls. 37).

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 21. nóvember 2017.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.
